

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar–desember 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs ársins 2008 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu var handbært fé frá rekstri neikvætt um 12,3 ma.kr. innan ársins, sem er 73,3 milljörðum verri útkoma en á árinu 2007. Hreinn lánsfjárfjöfndur er neikvæður um 398,4 ma.kr., sem er 396,3 milljörðum króna lakari útkoma en árið áður og skýrist sá mismunur að mestu af aðgerðum ríkisstjórnar vegna falls bankakerfisins.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar–desember 2004–2008


	Í milljónum króna				
	2004	2005	2006	2007	2008
Innheimtar tekjur	280.696	399.289	381.336	454.066	444.751
Greidd gjöld	280.382	308.382	314.716	369.583	643.935
Tekjujöfndur	315	90.905	66.619	84.483	-199.184
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl.	0	-57.605	-384	-6.170	-40
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-607	-1.286	-516	-17.355	186.915
Handbært fé frá rekstri	-292	32.014	65.719	60.958	-12.310
Fjármunahreyfingar	22.700	49.874	-91.154	-63.102	-386.106
Hreinn lánsfjárfjöfndur	22.408	81.888	-25.435	-2.144	-398.416
Afborganir lána	-32.477	-62.305	-46.097	-33.837	-120.625
Innanlands	-7.291	-14.596	-23.223	-22.505	-104.713
Erlendis	-25.186	-47.709	-22.873	-11.332	-15.912
Greiðslur til LSR og LH	-7.500	-5.482	-4.000	-12.500	-4.000
Lánsfjárfjöfndur, brúttó	-17.569	14.101	-75.531	-48.481	-523.041
Lántökur	25.867	10.234	115.713	58.939	601.955
Innanlands	9.740	10.234	25.892	58.754	558.118
Erlendis	16.127	-	89.821	185	43.837
Breyting á handbæru fé	8.298	24.335	40.182	10.457	78.914

Innheimtar tekjur ríkissjóðs voru 444,8 ma.kr. á árinu 2008 sem er samdráttur um 9,3 ma.kr. frá sama tíma í fyrra, eða 2,1% samdráttur að nafnvirði. (Við samanburð milli ára er hér horft á niðurstöðu ríkisreiknings um innheimtar tekjur á árinu 2007 að undanskilinni tekjufærslu vegna endurmats ríkisfyrirtækja.) Tekjuáætlun fjárlaga á greiðslugrunni var upp á 455,5 ma.kr. og fjárukalaga upp á 450,6 ma.kr. og eru tekjurnar því heldur minni en áætlað hafði verið, eða tæpum 6 milljörðum undir áætlun fjárukalaga og munar þar mest um minni fjármagnstekjuskatt, minni tekjuskatt lögaðila en gert var ráð fyrir í ljósi álagningar á lögaðila og minni tekjur af sölu eigna. Skatttekjur og tryggingagjöld lækka á milli ára en þau námu 391 ma.kr. árið 2008 samanborið við 395,4 ma.kr. árið 2007. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 12,3% (VNV án húsnæðis) og er raunsamdráttur

milli áranna því um 11,9%. Á síðasta þriðjungi ársins var samdrátturinn að raunvirði 23,7%, hinn mesti um árabíl. Aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs jukust um 33,3% og þar af er mest hækkun á vaxtatekjum af bankainnstæðum. Þá nam sala eigna 2,9 ma.kr. á árinu 2008.

Skattar á tekjur og hagnað námu um 153 ma.kr. á árinu 2008 sem er 6,3% aukning að nafnvirði frá sama tíma árið áður. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga um 88 ma.kr. sem er 4,9% aukning að nafnvirði. Tekjuskattur lögaðila nam 29,5 ma.kr. og dróst saman um 15,1% frá sama tíma árið áður. Skattur af fjármagnstekjum nam 35,4 ma.kr. og jókst um 40,2% á milli ára. Innheimta eignarskatta var um 8 ma.kr. sem er samdráttur um 3,9 ma.kr. eða 32,9% á milli ára og er hann að mestu tilkominn vegna samdráttar í stimpilgjöldum en þau drógust saman um 3,4 ma.kr. á síðastliðnu ári.

Innheimta almennra veltuskatta gefur ágæta mynd af þróun innlendar eftirspurnar. Innheimtan nam 179,4 ma.kr. á árinu 2008 sem er samdráttur upp á 6,6% að nafnvirði frá árinu 2007, og 16,8% raunsamdráttur (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Samdráttur að raunvirði milli ára, miðað við 4 mánaða hlaupandi meðaltal, hefur aukist hratt á síðustu mánuðum og er nú 29%. Virðisaukaskattur skilaði ríkissjóði 127,4 ma.kr. á tímabilinu sem er 5,9% samdráttur að nafnvirði frá árinu 2007 og 16,2% raunsamdráttur. Þá dróst virðisaukaskattur í desembermánuði saman um 14,8% að nafnvirði en hann kemur af smásölu fyrir mánuðina september og október. Innheimta virðisaukaskatts í desember var þó 1,7 ma.kr. meiri en ella hefði verið vegna sérstakrar greiðslufrestunar sem var heimiluð í nóvember og fól í sér að afborgun nóvembermánaðar var að hluta færð yfir í desember og janúar. Af öðrum helstu liðum veltutengdra skatta er mestur samdráttur í vörugjöldum af ökutækjum eða þriðjungs samdráttur á árinu 2008 og 93,1% samdráttur í desembermánuði einum, sem endurspeglar mikinn samdrátt í innflutningi bifreiða. Þá drógust vörugjöld af bensíni saman um 4,7% á síðastliðnu ári en áfengis- og tóbaksgjald var nánast óbreytt að nafnvirði á milli ára. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu 5,7 ma.kr. og tekjur af tryggingagjöldum voru 41 ma.kr. sem er aukning um annars vegar 7,5% og hins vegar 4,9% á milli ára.



Greidd gjöld nema 643,9 ma.kr. og hækka um 274,3 ma.kr. frá fyrra ári eða um rúm 74%. Tæplega 200 ma.kr. af þeirri fjárhæð skýrist af tapi á kröfum sem ríkissjóður yfirtók frá Seðlabanka Íslands vegna falls bankanna. Ef ekki hefði komið til þessarar gjaldfærslu þá hefðu útgjöldin verið 82,2 milljörðum hærri en árið 2007 og 10 milljörðum innan heimilda fjárlaga. Útgjöld til almannatrygginga- og velferðarmála námu 109,3 ma.kr. og hækka um 22,7 milljarða á milli ára eða 26,2%. Þar munar mest um að lífeyristryggingar hækka um 11,6 ma.kr. á milli ára, útgjöld vegna atvinnuleysistryggingasjóðs hækka um 2,3 ma.kr., fæðingarorlofsgreiðslur um 1,7 ma.kr. og vaxtabætur um 1,4 ma.kr. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu námu 68,1 ma.kr. á árinu 2008 og jukust um 15,8 ma.kr. á milli ára eða um 30,3%. Þar af skýra aukin vaxtagjöld ríkissjóðs tæpa 10,4 ma.kr., Þróunarsamvinnustofnun og önnur þróunarmál skýra 1,3 ma.kr. og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 869 milljónir króna. Útgjöld til heilbrigðismála námu 109,2 ma.kr. á árinu 2008 og jukust um 15,9 ma.kr. milli ára eða 17,1%. Þar skýra útgjöld til Landspítala 4,4 ma.kr., sjúkratrygginga 4,1 ma.kr., heilbrigðisstofnana 1,5 ma.kr. og heilsugæslustöðva 1 ma.kr. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála námu 67,7 ma.kr. á árinu 2008 og jukust um 14,9 ma.kr. milli ára, sem skýrist að mestu af framkvæmdum og rekstri Vegagerðarinnar sem hækkaði um 8,5 ma.kr. milli ára. Útgjöld til menntamála námu 43,2 ma.kr. og jukust um 5,4 ma.kr. á milli ára, þar af jukust útgjöld til LÍN um 1,1 ma.kr. Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála námu 19,3 ma.kr. og jukust um 3,5 ma.kr. og útgjöld til menningar-, íþróttá- og trúmála námu 17,4 ma.kr. og jukust um 1,5 ma.kr. á milli ára.

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs var neikvæður um 398,4 ma.kr. á árinu. Afborganir lána námu 120,6 ma.kr., þar af voru 104,7 ma.kr. vegna innlendra skulda. Greiðslur til LSR og LH námu 4 ma.kr. Lántökur námu 602 ma.kr. þar sem 558,1 ma.kr. voru teknir að láni innanlands. Stór hluti af lántökunum er til kominn vegna falls bankanna og er þar helst að telja 270 ma.kr. skuldabréf til kaupa á kröfum vegna veðlána og daglána sem tryggðar eru með verðbréfum útgefnum af gömlu bönkunum og öðrum fjármálafyrirtækjum. Þá voru yfirtekin verðbréfalán að fjárhæð 100 ma.kr.

Tekjur ríkissjóðs janúar-desember 2006-2008

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2006	2007	2008	2006	2007	2008
Skatttekjur og tryggingagjöld	354.209	395.384	391.027	12,5	11,6	-1,1
Skattar á tekjur og hagnað	126.192	143.937	152.935	24,5	14,1	6,3
Tekjuskattur einstaklinga	78.228	83.933	88.040	13,3	7,3	4,9
Tekjuskattur lögaðila	31.369	34.790	29.539	103,9	10,9	-15,1
Skattur á fjármagnstekjur	16.595	25.214	35.355	-1,8	51,9	40,2
Eignarskattar	9.172	11.834	7.936	-38,5	29,0	-32,9
Skattar á vöru og þjónustu	175.692	192.086	179.444	9,0	9,3	-6,6
Virðisaukaskattur	122.400	135.388	127.387	10,1	10,6	-5,9
Vörugjöld af ökutækjum	10.230	11.005	7.345	-0,2	7,6	-33,3
Vörugjöld af bensíni	8.995	9.168	8.738	2,4	1,9	-4,7
Skattar á olíu	6.553	7.292	7.280	63,2	11,3	-0,2
Áfengisgjald og tóbaksgjald	11.371	11.949	11.958	7,7	5,1	0,1
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	16.142	17.284	16.737	-1,6	7,1	-3,2
Tollar og aðflutningsgjöld	4.170	5.297	5.693	20,0	27,0	7,5
Aðrir skattar	1.758	3.081	3.946	7,2	75,3	28,1
Tryggingagjöld	37.226	39.150	41.072	15,4	5,2	4,9
Fjárframlög	1.668	927	1.026	119,6	-44,4	10,7
Aðrar tekjur	24.506	37.354	49.783	-2,7	52,4	33,3
Sala eigna	953	20.401	2.915	-	-	-
Tekjur alls	381.336	454.066	444.751	-4,5	19,1	-2,1

Gjöld ríkissjóðs janúar-desember 2006-2008

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2006	2007	2008	2007	2008
Almenn opinber þjónusta	44.249	52.259	68.097	18,1	30,3
þar af vaxtagreiðslur	14.908	17.090	27.463	14,6	60,7
Varnarmál	746	977	1.616	30,9	65,4
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	13.561	15.802	19.325	16,5	22,3
Efnahags- og atvinnumál	43.622	52.759	67.685	20,9	28,3
Umhverfisvernd	3.509	4.040	4.656	15,1	15,2
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	488	544	744	11,5	36,8
Heilbrigðismál	85.959	93.314	109.240	8,6	17,1
Menningar-, íþrótt- og trúmál	14.627	15.906	17.423	8,7	9,5
Menntamál	33.789	37.837	43.192	12,0	14,2
Almannatryggingar og velferðarmál	73.486	86.628	109.297	17,9	26,2
Óregluleg útgjöld	23.277	9.518	202.660	-59,1	2.029,2
Gjöld alls	337.311	369.583	643.935	9,6	74,2